

ÁSATRÚ

Gjarnan er goði kallaður til og samverustund höfð við dánarbeð. Margt Ásatrúarfólk er líffæragjafar.

ÁSATRÚARFÉLAGIÐ,

Síðumúla 15, 108 Reykjavík, s. 895 0894 / 561 8633.

REYKJAVÍKURGOÐORÐ,

s. 899 8633 / 849 0732, jormundr@gmail.com

BAHÁ'Í

Auk aðstandenda skal hafa samband við Andlegt Þjóðarráð bahá'ía á Íslandi. Ekki má flytja lík lengra en sem nemur klukkutíma ferð frá dánarstað og má miða við sveitarfélagamörk. Líkbrennsla er ekki leyfð. Í útförinni skal fara með sérstaka bæn fyrir þeim látnum sem náðu 15 ára aldri. Umsjón með bahá'í útför er í höndum andlegs svæðis- eða þjóðarráðs bahá'ía í samráði við aðstandendur.

BAHÁ'Í SAMFÉLAGIÐ: Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi, Kletthálsi 1, 110 Reykjavík, s. 567 0344, thjodarrad@bahai.is.

BÚDDISMI

Dauðinn er ferli þar sem sálin er að komast yfir á annað tilverustig. Þess vegna er mjög mikilvægt að aðstandendur fái nægan tíma og frið til að kyrja bænir yfir hinum látna bæði á meðan hann er að skilja við og eftir andlátinu. Mikilvægt er að aðstandendur fái þann tíma sem þeir telja sig þurfa hvort sem andlátinu á sér stað í heimahúsi eða á sjúkrastofnun.

Trúfélög sem skilgreina sig innan búddisma:

BÚDDISTAFÉLAG ÍSLANDS,

Víghólastíg 21, 200 Kópavogi, s. 564 0315.

BÚDDISTASAMTÖKIN SGI Á ÍSLANDI,

Laugavegi 178, 105 Reykjavík,
s. 847 2033 (Eygló Jónsdóttir), sgi@sgi.is, www.sgi.is.

DEMANTSLEIÐ BÚDDISMA,

Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík, s. 779 2499.

ZEN Á ÍSLANDI – NÁTTHAGI,

Kletthálsi 1, 110 Reykjavík, s. 896 9828, www.zen.is.

FJÖLSKYLDUSAMTÖK HEIMSFRIÐAR OG

SAMEININGAR – Rohan Nandkisore, s. 868 0669

Eins og í kristni utan þess að útför skal fara fram á þriðja degi.

GYÐINGDÓMUR

Mikilvægt er að einhver sé til staðar þegar sálin yfirgefur líkamann. Snerting er óæskileg rétt eftir andlát. Krufning er óæskileg. Útför fari fram innan sólarhrings eða eins fljótt og auðið er.

MENNINGARFÉLAG GYÐINGA Á ÍSLANDI.

Netfang: rabbi@jewishiceland.com

HINDÚISMI

Líkið er þvegið, smurt og fært í ný föt. Heilögu vatni er stökkt á það og basiljurtir lagðar á augnlok og í munn. Líkbrennsla á sér ávallt stað, helst samdægurs fyrir sólsetur. Bálförin er trúarathöfn, þar sem aðstandendur eru viðstaddir. Þeir bera líkkistuna á öxlum sér í helgigöngu með höfuðið fremst. Höfuðið snýr í suður við líkbrennsluna og er eldur fyrst borinn að suðvesturhlið, síðan hringinn rangsælis. Askan er ekki grafin heldur dreift á fjórða degi eftir bálför. Krufning er mjög óæskileg.

ÍSLAM

Bænagiörð er mikilvæg deyjandi manneskju alveg fram í andlátinu. Einn af helgisíðum er þvottur og frágangur á líkinu og skal það vera í höndum múslima af sama kyni eða maka. Líkið skal þvegið á ákveðinn hátt. Augum er lokað og kjálki skorðaður. Búið er um líkið í sérstökum líkklæðum eða í laki. Oft er ilmefni sett á líkama hins látna. Krufning er talin óæskileg. Líkbrennsla er bönnuð. Útför fer helst fram samdægurs.

STOFNUN MÚSLIMA Á ÍSLANDI,

s. 772 2857, info@grandmosque-iceland.is

ICCI (Menningarsetur múslima á Íslandi),

s. 445 3538, imam_icci@hotmail.com

FÉLAG MÚSLIMA Á ÍSLANDI,

Ármúla 38, 108 Reykjavík, info@felagmuslima.is.

KRISTNI

Flestar kristnar kirkjur á Íslandi hafa sama fyrirkomulag við andlát. Yfirleitt er það undir ættingjum komið hvort prestur er kallaður að dánarbeði, en oft eru stuttar bænarstundir hafðar yfir nýlátinni manneskju. Krufning er leyfileg nema annað sé tekið fram.

Trúfélög sem skilgreina sig sem kristin:

BETANÍA, Stangarhyl 1, 110 Reykjavík,
s. 586 2770 / 8202206.

BOÐUNARKIRKJAN,
Álfaskeiði 115, Hafnarfirði, s. 555 7676.

FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI,
Linnetsstíg 6, Hafnarfirði, s. 565 3430.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK, Fríkirkjuvegi 5,
101 Reykjavík, hjorturm@frikirkjan.is, s. 552 7270 / 588 6388 / 899 4131 (Hjörtur Magni Jóhannsson) / 692 7217 (Sigurvin Lárus Jónsson).

FRÍKIRKJAN KEFAS,
Fagraþingi 2a, Kópavogi, s. 564 1124.

FRÍKIRKJAN VEGURINN,
Smíðjuvegi 5, Kópavogi, s. 854 5500.

HJÁLPRÆÐISHERINN, Suðurlandsbraut 72,
108 Reykjavík, s. 556 0300 / 690 2468 / 663 5909.

HVÍTASUNNUKIRKJAN FÍLADELFIÁ,
Hátúni 2, 105 Reykjavík, s. 535 4700.

ÍSLENSKA KRISTSKIRKJAN,
Fossaleyni 14, 112 Reykjavík, s. 567 8800.

KAPÓLSKA KIRKJAN, Hávallagötu 14–16,
101 Reykjavík, s. 552 5388 / 848 2655.

Kapólskur prestur veitir hinum deyjandi hinstu sakramenti og leiðir í bæn fyrir og eftir andlát. Við útför er sungin sálumessa. Moldun fer fram í kirkjugarði.

KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU, Ásabraut 2, Garðabæ, s. 554 7104.

Nauðsynlegt er að hafa samband við safnaðarformann vegna andláts.

KIRKJA SJÖUNDA DAGS AÐVENTISTA,
Ingólfsstræti 19, 101 Reykjavík, s. 588 7800 / 897 3625.

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN, Háteigsvegi 56, 105
Reykjavík, s. 551 0999 / 860 1955.

RÉTTTRÚNAÐARKIRKJAN – ORÞODOX

Mikilvægt er að kallað sé á orþodoxan prest til þess að deyjandi einstaklingur geti skrifað og fengið syndaaflausn. Útför fer helst fram innan 1–2 sólarhringa frá andláti. Krufning er ekki æskileg. Líkbrensla er ekki æskileg.

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan, Öldugötu 44, 101
Reykjavík, s. 776 4734.

Serbneska rétttrúnaðarkirkjan, s. 565 3563 / 770 0200.

SMÁRAKIRKJA, Sporhömrum 3, 112 Reykjavík,
s. 554 3377.

VOTTAR JEHÓVA, Hraunbæ 113, 110 Reykjavík,
s. 533 1660 / 587 4113.

Blóðgjöf er ekki leyfileg. Engir krossar skulu hafðir við dánarbeð.

ÞJÓÐKIRKJAN, Biskupsstofa, Háaleitisbraut 66,
103 Reykjavík, s. 528 4000.

Um einstakar sóknir sjá: www.kirkjan.is/soknir

LÍFSSKOÐUNARFÉLÖG

Við andlát er mikilvægt að virða vilja hins látna eins og auðið er. Fyrir andlát er æskilegt að bjóða veraldlega sálgæslu félagsráðgjafa eða fulltrúa lífsskoðunarfélags. Ekki er æskilegt að hafa trúartákn í vistarverum eða á klæðum. Félögin annast útför sé þess óskað.

DÍAMAT – Félag um dialektíska efnishyggju. Netfang: vivaldi@internet.is, s. 895 9564 (Þorvaldur Þorvaldsson) / 862 9067 (Vésteinn Valgarðsson).

SIÐMENNT – Félag siðrænna humanista á Íslandi, Laugavegi 178, 105 Reykjavík, s. 533 5550.

TAOISMI

Dauðinn er ferli þar sem sálin er að koma sér á annað tilverustig. Krufning er ekki talin æskileg.

Bæklingurinn er unninn á vegum Samráðsvettvangs trú- og lífsskoðunarfélaga á Íslandi, og kom upphaflega út árið 2008. Tekið skal fram að ekki eru öll samtök sem hér eru tilgreind aðildarfélög Samráðsvettvangsins.

Upplýsingunum í bæklingnum er ætlað að aðstoða þá sem annast dauðvona og deyjandi fólk þannig að virðing sé ávallt höfð í frammi gagnvart trúarbrögðum og lífsskoðun þess sem mætir skapadægri sínu.



VIRÐING

VIÐBRÖGÐ
ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Þessum bæklingi er ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir löggæslu- og heilbrigðisstarfsfólk og aðra sem koma að dauðvona fólki eða nýlátnu.

Samráðsvettvangur trú- og lífsskoðunarfélaga á
Íslandi
Unnið 2023